

Fundargerð Aðaldundar Oddafélagsins 2016.

Fundurinn haldinn í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu miðvikudaginn 17. febrúar.

9 voru mætt á fundinn: Ágúst Sigurðsson, Bergur Þorgeirsson, Eiríkur Vilhelm Sigurðsson, Elína Hrund Kristjánsdóttir, Elvar E., Friðrik Friðriksson, Íris Björk Sigurðardóttir, Ólöf Kristófersdóttir, Þór Jakobsson.

Fráfarandi formaður setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Einhver höfðu boðað forföll og þar á meðal Sigrún Ólafsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Helgi Þorláksson og fráfarandi ritar sr. Guðbjörg Arnarsdóttir.

Formaður lagði fram eftirfarandi dagskrá:

A. HELSTU AÐGERÐIR Á ÁRINU. GREINARGERÐ FORMANNS.

B. REIKNINGAR OG FÉLAGATAL. GREINARGERÐ GJALDKERA.

C. UMRÆÐUR UM GREINARGERÐIR.

D. KOSNING STJÓRNAR OG ENDURSKOÐENDA.

E. ÁRGJALD NÆSTA ÁRS ÁKVEÐIÐ.

F. ÖNNUR MÁL, M.A. ODDASTEFNA OG 25 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ Í MAÍ 2016.

A. Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn í safnaðarheimilinu hinn 18. mars 2015.

M.a. sem formaður geindi frá var Sæmundarstund sem haldin er árlega í kringum vorjafndægri og virðist sem nú sé komin góð hefð á stundina. Líklega er þó betra að fylgjast með og minna á. Sæmundarstudnin í ár verður haldin 22. mars.

Síðasta Oddastefna var haldin í boði Landgræðslu ríkisins í Frægarði í Gunnarsholti hinn 28. maí kl. 13:15–17:45. Þar var m.a. Sveinn Runólfsson, landgræslusjóri og Oddafélagsmaður, gerður að þriðja heiðursfélaga Oddafélagsins. Hinir eru Jakobína Erlendsdóttir og Þórður Tómasson í Skógum.

Sveinn Runólfsson flutti fyrirlestur er nefndist – Ævistarf í fremstu víglínu.

Landgræðsla í hálföld. Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárpings ytra, fjallaði um skipulag í Rangárpingi ytra með tilliti til framtíðarhlutverks Oddastaðar á Suðurlandi. Sr. Guðbjörg Arnardóttir fjallaði um umhverfi, umferð og athafnir í Odda á Rangárvöllum.

Páll Imsland fjallaði um náttúrufarslega þróun við Landeyjatanga og strandferlin sem eru að verki og valda því að höfnin virkar ekki.

Ragnar Önundarson ræddi sálfræði Egils sögu.

Þór Jakobsson fjallaði um Sæmundarvelli umhverfis Odda. Sjö listir. Sjö hús.

Í lok ráðstefnunnar var heimsókn í Sagnagarð, fræðslu og kynningarsetur landgræðslu ríkisins. Fundarstjóri var Drífa Hjartardóttir.

Næsta Oddastefna, væntanega haldin á Hótel Stracta. Ágúst og Eiríkur Vilhelm, markaðs- og kynningarfulltrúi RY taka það að sér. Þór mun halda áfram að sinna að mestu Oddastefnum og skrifa sögu félagsins.

Íris Björk gjaldkeri las reikninga félagsins fyrir árið 2015. Tekjur félagsins 107.592.- og gjöld 52.951.- Eignir félagsins í árslok 2015: 204.169. Árgjald samþykkt það sama þ.e. 1.200 kr. Reikningar bornir upp og samþykktir. Skoðunarmenn þau sömu og undanfarin ár.

Kosning stjórnar. Þór hefur beðist lausnar frá embætti formanns og tekur Ágúst Sigurðsson sveitstjóri við stjórn Oddafélagsins. Sr. Guðbjörg hefur horfið til starfa við Selfossprestakall og sr. Elína Hrund tekur við hennar stöðu sem ritari.

Rætt var um samstarf við Reykholt og Berg sem þar gegnir mikilvægu hlutverki.

Enginn fornleifauppgröftur hefur farið fram í Odda og kom jarðsjáin til umræðu. M.a. vegna þess að fara á að beita henni fljótlega á Keldum.

Sjónvarpsstöðin N4 kom við í Odda í lok janúar og tók m.a. viðtal við Þór og myndaði umhverfið. Fór þátturinn í sýningar í febrúar. Góð kynning.

Kaffiveitingar voru að venju í boði Héraðsnefndar Rangárbings og eru nefndinni þakkað fyrir stuðninginn. Einnig færði Oddafélagið Þór veglegan blómvönd sem örlítinn þakklætisvott fyrir hans góðu og óeigingjörnu störf fyrir félagið.

Fundi slitið.

---

Elína Hrund Kristjánsdóttir